



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

## Raddir barna

*Öll börn eiga rétt á því að tjá skoðanir sínar í málum er þau varða*

---

Tinna Kristín Stefánsdóttir

### HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til 180 eininga  
B.A. prófs í lögfræði

Lagadeild  
Maí 2019

Titill: Raddir barna

Stuttur titill: Öll börn eiga rétt á því að tjá skoðanir sínar í málum er þau varða  
12 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus artium* gráðu í lögfræði

Höfundarréttur © 2019 Tinna Kristín Stefánsdóttir

Öll réttindi áskilin

Lagadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Tinna Kristín Stefánsdóttir, 2019, Raddir barna, lagadeild, Háskólinn á Akureyri, 38 bls.

Akureyri, maí 2019

## Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með að ég er ein höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

---

Tinna Kristín Stefánsdóttir, höfundur

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A. prófs  
við Hug- og félagsvísindasvið

---

Júlí Ósk Antonsdóttir, leiðbeinandi

## **Þakkarorð**

Ég vil byrja á því að þakka mínu nánasta fólki, unnusta mínum Domi og sérstaklega dóttur minni Sóldögg Söru fyrir mikla þolinmæði og hvatningu á hverjum degi. Svo vil ég þakka pabba mínum Stefáni og Erlu Ísafold fyrir ómetanlegan stuðning með dóttur mína og yfirlestur ritgerðar á lokasprettinum. Sérstaklega vil ég þakka móður minni Elfu fyrir allann þann tíma sem hún hefur gefið sér í það að hugsa um Sóldögg Söru á meðan mamman hefur verið að læra. Að lokum vil ég þakka Júlí Ósk Antonsdóttur fyrir góða leiðsögn.

## Útdráttur

Öll börn eiga rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar í málum er þau varða. Þessi réttindi barna eru m.a. tryggð í barnalögum nr. 76/2003, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Á hverjum degi eru réttindi barna brotin. Börnum skortir þekkingu á réttindum sínum og þau fá ekki alltaf tækifæri til að tjá skoðanir sínar áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir sem þau varða. Sem betur fer hefur verið hröð framþróun hérlendis með tilurð barnasáttmálans og réttur barna meðal annars til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar í málum er þau varða og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi fer stigvaxandi.

Nú þegar eru í gangi tvö verkefni sem eiga að styrkja réttindi barna og eru þessi verkefni á vegum hins opinbera annars vegar og UNICEF hinsvegar. Verkefni UNICEF snýst um það að innleiða barnasáttmálann í alla stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga og þýðir það að sveitarfélag samþykkir að nota barnasáttmálann sem viðmið í störfum sínum. Verkefni hins opinbera stefnir að því að auka þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda og einnig að því að allar stærri ákvarðanatökur og lagafrumvörp skuli skoðuð út frá áhrifum þeirra á stöðu og réttindi barna.

## **Abstract**

All children have the right to express their opinion in matters concerning themselves. These rights are for example ensured in the Children's Act no. 76/2003, the Child Protection Act no. 80/2002 and in the law on the United Nations Convention on the Rights of the Child no. 19/2013.

Every day children's rights are violated. Children lack the knowledge about their rights and they don't always have the opportunity to express their opinion before important decisions concerning them are made.

Fortunately, there has been quick progress in Iceland with the establishment of the United Nations Convention on the Rights of the Child, so for example the children's right for decision making and expressing their opinion is gradually going upwards, as is their active participation in society.

Two projects are already running with the aim to strengthen children's rights, one under the aegis of the government and the other under the aegis of UNICEF.

UNICEF's project involves to adopt the United Nations Convention on the Rights of the Child into the administration and operations of communities which means that communities agree to use the convention as a frame of reference in their work.

The government's project aims to increase children's and youth's participation in the policy formulation of the government and to insure that all important decision-making and law proposals will be examined with the influences they have on children's rights and their situation in mind.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Hvað er barn, lagaleg skilgreining .....	3
3. Lagaumhverfi.....	4
3.1 Réttarheimildir .....	4
3.2 Sett lög .....	5
3.2.1 Barnalög .....	6
3.2.2. Barnaverndarlög.....	6
3.2.3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....	7
3.2.4 Mikilvægi barnasáttmálans og áhrif hans.....	8
3.2.5 Önnur lög sem máli skipta .....	10
4. Aðildarhæfi barna og afstaða þeirra til mála .....	13
4.1 Dómsmál .....	13
4.2 Kærumál.....	14
4.3 Dómar þar sem vilji barna hafði áhrif á niðurstöðu .....	14
4.4 Vilji barna eitt af sjónarmiðum dómkvaddra matsmanna .....	15
5. Hvenær ráða börn sjálf ?.....	17
5.1 Samráðsréttur .....	17
5.2 Meðákvörðunarréttur .....	18
5.3 Sjálfsákvörðunarréttur .....	18
5.4. Áhrif barna þegar lögum sleppir .....	18
5.5. Dómur er varðar brot á réttindum barns til að tjá sig.....	19
6. Vaxandi réttur barna til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi .....	20
6.1 Barnvæn sveitarfélög.....	20
6.1 Grunnþættir barnvænna sveitarfélaga .....	21
6.2 Innleiðingarferlið .....	23
6.3. Breytt verklag með séráherslu á börn .....	24
8. Frjálsu félagasamtökin KidsRights.....	26
9. Lokaorð .....	27
Heimildaskrá .....	29
Bækur og rit .....	29
Fréttir og Vefsíður .....	29
Þingskjöl.....	30
Skýrslur .....	30
Lagaskrá .....	30
Dómaskrá.....	31

## 1. Inngangur

Þegar fjallað er um réttindi barna er verið að tala um allt það sem barn þarf að hafa til þess að geta lifað, þroskast og liðið vel. Í þessari ritgerð ætla ég að skilgreina hugtakið barn í lagalegum skilningi og fjalla sérstaklega um réttindi barna til að tjá skoðanir sínar í málum er þau varða.

Fjallað verður um lagaumhverfi barnaréttar og sérstaklega um þau lög sem tryggja börnum þau réttindi að geta tjáð sig í málum er þau varða. Þessi réttindi eru meðal annars tryggð í barnalögum, barnaverndarlögum og barnasáttmálanum. Mjög margt hefur breyst til hins betra á þeim tíma sem barnasáttmálinn hefur verið í gildi en enn eru stórar og mikilvægar áskoranir til staðar þegar kemur að réttinda- og hagsmunamálum barna.<sup>1</sup>

Í fjórða kafla ritgerðarinnar fjalla ég um aðildarhæfi barna í dómsmálum og kærumálum en það virðist vera ákveðið ósamræmi í dóms- og kærumálum barna hér á landi hvað það varðar. Gerð verður grein fyrir dómum þar sem vilji barna hafði afgerandi áhrif á niðurstöðu máls og fjallað verður aðeins um dómkvaddra matsmenn en þeir eiga meðal annars að komast að því hvað það er sem barn vill.

Í fimmta kafla verður fjallað um það hvenær börn ráði sjálf, en það getur verið álitamál hvenær börn megi taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama án aðkomu foreldra. Ýmis sjónarmið geta haft áhrif hverju sinni og ekki er víst að allir séu sammála um það hvernig túlka skuli réttindi og ábyrgð barna og foreldra. Börn hafa ákveðin samráðsrétt, meðákvörðunarrétt og sjálfsákvörðunarrétt sem gert verður grein fyrir í 5 kafla.

Réttur barna til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar í málum er þau varða og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi fer stigvaxandi hér á landi og farið verður yfir verkefni sem annars vegar er á vegum UNICEF og hinsvegar hins opinbera en þessi verkefni eiga að styrkja réttindi barna.

Markmið ritgerðarinnar er að kanna stöðu réttinda barna á Íslandi, kanna hvort og hvenær börn geti haft áhrif á niðurstöðu máls með skoðunum sínum og hvað er hægt að gera til að tryggja þann rétt betur.

---

<sup>1</sup> Umboðsmaður barna, „Skýrsla umboðsmanns barna 2014“ bls 12



## 2. Hvað er barn, lagaleg skilgreining

Í barnalögum nr. 76/2004 hér eftir nefnd barnalög er hugtakið barn hvergi skilgreint nákvæmlega. Þá vaknar sú spurning hver sé lagaleg skilgreining á hugtakinu barn og hvenær hættir barn að vera barn í skilningi laga.

Í 61. gr. barnalaga kemur fram að framfærsluskyldu ljúki þegar barn verður 18 ára. Í 1. mgr. 28. gr. barnalaga má sjá að barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 að lögráða verða menn 18 ára, lögráða maður er fjárráða og sjálfráða. Því má segja að barnalögin eigi við einstaklinga undir 18 ára aldri. Barnalögin samræmast því 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, hér eftir nefndur barnasáttmálinn um skilgreininguna á barni<sup>2</sup>, sem var undirritaður af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgiltur 20. október 1992. Öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 27. nóvember 1992.<sup>3</sup> Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og ættleiðingarlögum nr. 130/1999 er notast við sömu skilgreiningu sbr. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga og 1. mgr. 3. gr. laga um ættleiðingar.

Í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga er líka tilgreint að barnaverndaryfirvöld geti ákveðið með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna geti haldist eftir að þau eru orðin 18 ára og til 20 ára aldurs. Barnaverndaryfirvöld eru félagmálaráðuneytið, barnaverndarstofa, úrskurðarnefnd velferðarmála og barnaverndarnefndir.

---

<sup>2</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 69.

<sup>3</sup> Stjórnartíðindi C. Nr. 18/1992

### 3. Lagaumhverfi

Orðið barnaréttur hefur verið notað sem heiti á þeirri grein lögfræðinnar sem fjallar um réttarreglur um tengsl foreldra og barna. Barnaréttur er hluti sifjaréttar í fræðikerfi lögfræðinnar, sifjarétti er svo skipt í hjúskaparrétt og barnarétt. Hefðbundin viðfangsefni barnaréttar eru t.d. ákvörðun á faðerni barna, forsjá barna, framfærsla barna og umgengnisréttur.<sup>4</sup>

#### 3.1 Réttarheimildir

Hugtakið réttarheimild vísar til þess sem getur verið grundvöllur ályktunar um réttarreglu. Til réttarheimilda er venjan að telja að minnsta kosti sett lög (lög og stjórnvaldsfyrirmæli), réttarvenju, fordæmi, lögjöfnun, eðli máls og meginreglur laga.<sup>5</sup> Réttarheimildir geta því bæði verið skráðar og óskráðar. Á Íslandi eru sett lög frá Alþingi helsta réttarheimildin. Með auknu alþjóðasamstarfi Íslendinga, þá sérstaklega á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), hafa mikilvægar réttarheimildir bæst við. EES-samningurinn er dæmi um réttarheimild sem gildi hefur að lögum í íslensku réttarkerfi og það sama gildir um Mannréttindasáttmála Evrópu.<sup>6</sup> Í riti sínu Inngangur að lögfræði skilgreinir Sigurður Línadal réttarheimild með eftirfarandi hætti:

*Réttarheimildir eru þau viðmið, þau gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað sem almennt er viðurkennt að nota skuli eða nota megi til rökstuðnings þegar réttarreglu er slegið fastri eða hún mótuð almennt eða í ákveðnu tilviki*

Þegar Sigurður talar um gögn, þá er átt við hlutræn atriði eins og lög og dóma, sem hægt er að vísa í til stuðnings réttarreglu. Þegar hann talar um háttsemi þá er átt við einhverja venju sem skapast hefur á ákveðnu sviði en þarf að teljast nægilega fastmótuð og viðurkennd til að hægt sé að leggja hana til grundvallar réttarreglu. Þegar Sigurður talar um hugmyndir er átt við réttarheimildirnar, meginreglur laga og eðli máls en þær byggja á hugmyndum um grunnreglur og grundvallaratriði sem réttarreglur geta stuðst við. Sigurður vísar til orðasambandsins *hvaðeina annað* en það vísar einkum til þess að með tímanum sé alltaf möguleiki á því að nýjar réttarheimildir geti komið til. Sigurður talar um að réttarheimildir séu

<sup>4</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 17-18.

<sup>5</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 19.

<sup>6</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls 21-22

viðmið sem nota skuli eða nota megi sem stoð undir réttarreglu. Þarna er hann að vísa til hugmynda um það hvenær réttarheimildir séu bindandi og hvenær heimilt sé að nota þær. Loks talar hann um að reglu sé slegið fastri eða að hún mótuð almennt eða í ákveðnu tilviki. Oft getur það verið svo að réttarregla er ekki fullmótuð og kemur það þá í hlut dómstóla að móta réttarreglur. Það er annað hvort í ákveðnu tilviki t.d. við úrlausn tiltekins ágreinings eða með almennum hætti (kenningarsmið fræðimanna). Það er álitamál í réttarheimildafræði hvort að dómstólar hafi almennt heimild til að móta réttarreglu í ákveðnu tilviki, eða hvort þeir eigi frekar að fara eftir fyrirfram ákveðinni aðferðafræði.<sup>7</sup>

### 3.2 Sett lög

Eins og ég minntist á hér að ofan eru sett lög af Alþingi helsta réttarheimildin og eru þau því mikilvægasta heimild barnaréttarins. Sett lög eru réttarreglur sem löggjafarvaldið setur. Með löggjafarvaldið fara Alþingi og forseti Íslands. Sett lög geta verið annars vegar stjórnskipunarlög (stjórnarskráin) og hins vegar almenn lög. Einnig undir sérstökum kringumstæðum má setja bráðabirgðalög. Bráðabirgðalög eru lög sem forseti Íslands, þegar brýna nauðsyn ber til, getur gefið út á milli þinga. Þetta er undantekning frá meginreglunni að lög séu sett af Alþingi. Í 1. mgr. 28. gr. stjórnarskrárinnar má sjá að nokkur skilyrði eru fyrir því að bráðabirgðarlög verði sett, þau eru eftirfarandi: að Alþingi sitji ekki, að brýna nauðsyn beri til setningar þeirra og að ákvæði laganna brjóti ekki í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.<sup>8</sup>

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 hefur að geyma grundvallarlög íslenska ríkisins og er stjórnarskráin æðst öllum réttarheimildum. Almenn lög og aðrar réttarheimildir mega ekki stangast á við stjórnarskrána.<sup>9</sup>

Almenn lög eru sett á Alþingi sem forseti Íslands eða handhafar forsetavalds í fjarveru hans, staðfestir með undirskrift sinni. Alþingismenn og ráðherrar hafa rétt til þess að flytja frumvörp til laga. Ekkert frumvarp til laga má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt þrjár umferðir á Alþingi. Atkvæði ráða úrslitum mála og einfaldur meirihluti dugir til þess að frumvarp verði að lögum. Það er embættisskylda ráðherra eftir að lagafrumvarp hefur verið samþykkt að bera frumvarpið upp fyrir forseta til staðfestingar. Frumvarpið verður ekki að

---

<sup>7</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði, grundvöllur laga- réttarheimildir*, bls 75

<sup>8</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls 25

<sup>9</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls 22

lögum fyrr en að forseti og ráðherra viðkomandi málaflokks hafa undirritað það og lögin taka gildi þegar að þau hafa verið birt í Stjórnartíðindum.<sup>10</sup>

### 3.2.1 Barnalög

Barnalög nr. 76/2003 er mikilvægasti lagabálkurinn á sviði barnaréttar. Helstu viðfangsefni laganna eru réttarstaða barna og foreldra þeirra, forsjá barna, umgengnisréttur og framfærsla barna. Í 1. kafla barnalaga nr. 76/2003 er fjallað um réttindi barns. Barn á rétt á því að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Með öllu er óheimilt að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa í forgangi þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess og í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að barn á rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.<sup>11</sup>

### 3.2.2. Barnaverndarlög

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er fjallað um barnavernd. Börn eiga rétt á vernd og umönnun og þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Allir þeir sem hafa uppeldi og umönnun barna í höndum sér skulu sýna þeim virðingu og umhyggju, óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni, gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börnin sín, svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Foreldrum ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og ávallt gæta velfarnaðar þeirra. Markmið barnaverndarlaganna er að tryggja að börn fái nauðsynlega aðstoð ef þau t.d. stofna heilsu sinni og þroska í hættu eða ef þau búa við óviðunandi aðstæður. Markmiðið er að reyna að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Barnaverndarlögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.<sup>12</sup>

Meginreglur barnaverndarstarfsins skv. 4. gr. barnaverndarlaga eru t.d. að í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barninu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í allri starfsemi barnaverndaryfirvalda. Í 2. mgr.

---

<sup>10</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls 24

<sup>11</sup> Barnalög nr. 76/2003

<sup>12</sup> Barnaverndarlög nr. 80/2002

4. gr. laganna kemur fram að barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Einnig skal barnaverndarstarf stuðla að stöðugleika í uppveksti barna, barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna fyllstu nærgætni og virðingu. Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu einnig gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

### **3.2.3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

Barnasáttmálinn var undirritaður af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgiltur 28. október 1992. Samningurinn var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013 og varð að lögum nr. 19/2013.<sup>13</sup> Barnasáttmálinn hefur því lagagildi hér á landi og er skuldbindandi fyrir íslenska ríkið. Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur í heimi og við lögfestingu hans ber bæði opinberum aðilum og einkaaðilum að virða ákvæði sáttmálans. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á sjálfstæði barna og að börn hafi sín réttindi sem eru óháð réttindum fullorðinna (forsjáraðila). Það eru fjórar grundvallarreglur í barnasáttmálanum sem alltaf þarf að hafa í huga við meðferð mála er varða börn. Reglur þessar koma fram í 2., 3., 6. og 12. gr. barnasáttmálans. Í 2. gr. kemur fram meginreglan um jafnræði og bann við mismunun. Í 3. gr. kemur fram að þegar ráðstafanir eru gerðar er varða börn skuli ávallt hafa það í forgangi sem sé barni fyrir bestu. Í 6. gr. er fjallað um rétt barna til lífs og þroska. Í 12. gr. er fjallað um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif í öllum málum sem þau varða og að réttmætt tillit sé tekið til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.<sup>14</sup> Við lögfestingu 12. gr. hefur myndast alþjóðlegt viðmið um hvernig líta beri á og koma skuli fram við börn. Við túlkun samningsins þarf alltaf að horfa til þessara grundvallarreglna sem viðmið.

Auk þess ber aðildarríkjum barnasáttmálans að ráðast í aðgerðir til að tryggja börnum velferð á sviði félags- mennta- og heilbrigðismála sbr. meðal annars 24.-26. gr. sáttmálans.

Við barnasáttmálann hafa verið gerðar svokallaðar valfrjálsar bókanir, en valfrjálsar bókanir veita aukinn rétt ásamt því að kveða á um skyldur aðildarríkis umfram þjóðréttarsamninginn sjálfan. Þau ríki sem eru aðilar að sáttmálanum þar sem valfrjálsu bókuninni er bætt við geta ákveðið það hvort þau vilji verða aðilar að bókuninni eða ekki. Það

<sup>13</sup> Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

<sup>14</sup> Lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

er því val hvers aðildarríkis fyrir sig hvort það gerist einnig aðili að valfrjálsum bókunum sem fylgja eða geta fylgt þjóðréttarsamningum eða eru einungis aðilar að samningnum sjálfum.

Við barnasáttmálann hafa verið gerðar þrjár valfrjálssar bókanir. Ísland hefur fullgilt tvær valfrjálssar bókanir við barnasáttmálann sem gerðar voru árið 2000. Fyrsta valfrjálssa bókunin varðar sölu á börnum, barnavændi og barnaklám og öðlaðist hún gildi 18. janúar 2002. Önnur valfrjálssa bókunin við sáttmálann er um þátttöku barna í vopnuðum átökum og öðlaðist hún gildi 12. febrúar 2002. Við lögfestingu barnasáttmálans í febrúar 2013 voru báðar þessar bókanir einnig lögfestar. Þriðja valfrjálssa bókunin við barnasáttmálann tók gildi árið 2014. Ísland hefur ekki enn skrifað undir hana eða fullgilt hana. Þessi þriðja valfrjálssa bókun er um sjálfstæðar kærueimildir barna og fulltrúa þeirra. Hún veitir börnum og fulltrúum þeirra tækifæri til þess að kæra aðildarríki til barnaréttarnefndarinnar ef þeir telja að aðildarríki hafi brotið gegn réttindum barna á einhvern hátt. Forsenda þess að hægt sé að fara með mál til nefndarinnar er sú að allar kæruleiðir í heimalandi þurfa að hafa verið fullreyndar.<sup>15</sup>

### 3.2.4 Mikilvægi barnasáttmálans og áhrif hans

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu tóku gildi á Íslandi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994. Í samningnum eru margvísleg ákvæði um skyldu til að virða mannréttindi en nánast ekkert fjallað um börn og réttindi þeirra sérstaklega.<sup>16</sup> Því var farið í að setja upp mannréttindasamning sem fjallaði sérstaklega um réttindi barna og úr varð barnasáttmálinn. Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 og frá þeim tíma var Ísland skuldbundið að þjóðarrétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Frá 20. febrúar 2013 var barnasáttmálinn hluti af íslenskri löggjöf. Með vísan til barnasáttmálans kom inn ákvæði með lögum nr. 97/1995 sem nú er í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1994., sem kveður á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í frumvarpi til stjórnskipunarlaganna sem lagt var fyrir 118. löggjafarþing, 297. mál er fjallað um það ákvæði sem varð að ofangreindri grein í stjórnarskránni. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var um að ræða ákvæði sem átti sér ekki hliðstæðu í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Ákvæðið fól í sér vísu stefnuyfirlýsingu og sótti fyrirmynd til 3. gr.

<sup>15</sup> Umboðsmaður barna, „Viðbætur við Barnasáttmálan“ sótt af <https://barn.is/barnasattmalinn/valfrjalsar-bokanir/> þann 1.3.2019

<sup>16</sup> Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

barnasáttmálans. Lögð var sú skylda á löggjafann að setja lög til að veita börnum fyrrnefnda tryggingu.<sup>17</sup>

Tilurð barnasáttmálans og innleiðing hans í íslensk lög voru mjög gagnleg og nauðsynleg hvað varðar réttindi barna og í allri málsmeðferð sem varðar börn. Barnasáttmálinn markaði tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna þar sem sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu einstaklingar og að þau hafi fullgild sjálfstæð réttindi alveg óháð réttindum fullorðinna.<sup>18</sup>

Lögfesting barnasáttmálans var einnig mjög mikilvæg en hún gerir vægi sáttmálans meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar verða að taka mið af honum við úrlausn mála sem varða börn.<sup>19</sup> Vert er að nefna að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna veitir aðhald og stuðlar að því að barnasáttmálinn sé virtur. Nefndin leggur fram tillögur til dæmis til að bæta framkvæmd sáttmálans sem stuðlar að því að börn búi við jafnræði og að réttindi þeirra almennt séu virt. Nefndin hefur meðal annars bent á að ekki hafi verið unnið markvisst að innleiðingu sáttmálans á Íslandi.<sup>20</sup> Þrátt fyrir að ýmislegt hefði vafalaust mátt betur fara hefur barnasáttmálinn haft gríðarmikil áhrif á lagasetningu sem tryggt hefur réttindi barna á Íslandi. Í fyrsta lagi var sett inn ákvæði í stjórnarskrána eins og áður var lýst. Þá hefur við gerð og breytingu fjölmargra laga á Íslandi verið tekið tillit til sáttmálans og réttindi barna samkvæmt honum komið fram með skýrari hætti í íslenskum lögum.

Þrátt fyrir að barnasáttmálinn hafi ekki verið lögfestur hér á landi fyrr en árið 2013 þá hafði hann mikil áhrif á löggjöf um barnarétt hér á landi. Áhrif hans sjást berlega þegar ákvæði barnalaga og barnaverndarlaga eru skoðuð.

Í fyrsta kafla núgildandi barnaverndarlaga er fjallað um markmið laganna og fleira. Helstu nýmæli kaflans eru í 4. gr. laganna þar sem settar eru fram meginreglur barnaverndarstarfs. Í 1. mgr. 1. gr. kemur fram að börn eigi rétt á vernd og umönnun og að þau skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Þessi grundvallarsjónarmið koma meðal annars fram í barnasáttmálanum og er sérstaklega vísað í hann í greinargerð að frumvarpi til barnaverndarlaga sbr. 1. gr. Í 4. gr. laganna kemur fram að í barnaverndarstarfi skuli notast

---

<sup>17</sup> Alþt. 1944, A-deild, þskj. 389 – 297 mál. Frumvarp til stjórnskipunarlaganna

<sup>18</sup> Umboðsmaður barna, „Barnasáttmálinn á Íslandi“ sótt af <https://barn.is/barnasattmalinn/kynning-a-barnasattmalanum/> þann 10.05.2019

<sup>19</sup> Björgvin G. Sigurðsson, fréttir, „Lögfesting Barnasáttmálans“ Sótt af <http://www.pressan.is/pressupennar/LesaBjorgvinGSigurdsson/logfesting-barnasattmalans/> þann 10.05.2019

<sup>20</sup> Lög um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

við þær ráðstafanir sem ætla má að séu barni fyrir bestu. Þetta ákvæði hefur beina skírskotun til 3. gr. barnasáttmálans og því ljóst að hann hefur haft veruleg áhrif við setningu nýrra barnaverndarlaga. Með breytingu á barnaverndarlögum með lögum nr. 80/2011 kom inn sérlega mikilvægt ákvæði sem nú er 2. mgr. 46. gr. laganna um það að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur og þroska og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ákvæði þetta felur í sér eina allra mikilvægustu reglu sem varðar börn en þessi regla kemur fyrst fram með skýrum hætti í 12. gr. barnasáttmálans.<sup>21</sup>

Barnalög nr. 76/2003 voru áður barnalög nr. 20/1992 og þar áður barnalög nr. 9/1981. Eldri barnalög fjölluðu um faðerni barna, framfærslu barna, foreldraskyldur og forsjá barna, umgengnisrétt og fleira. Í eldri lögum er lítið sem ekkert fjallað um réttindi barnsins sjálfs. Núgildandi barnalög eru að stofni til frá árinu 2003 en mikilvægasta breytingin á þeim var gerð með lögum nr. 61/2012. Ljóst er á athugasemdum um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 sem varð að lögum nr. 61/2012 að höfð var hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er aðili að einkum barnasáttmálanum. Einnig var höfð hliðsjón af lagabreytingum á norðurlöndum og ábendingum frá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Í 1. gr. núgildandi barnalaga er fjallað um réttindi barns, meðal annars er fjallað um það að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang og að barn skuli eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar. Þarna eru komnar fram í barnalögum, með skýrum hætti, meginreglur barnasáttmálans sem fram koma meðal annars í 2., 3., 6., og 12. gr. sáttmálans. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram í fyrstu grein að mikilvægt sé að barnalögin hafi að geyma ítarlegri almenn ákvæði um stöðu og réttindi barna til samræmis við ákvæði barnasáttmálans. Af því má augljóslega sjá að barnasáttmálinn hefur haft grundvallarþýðingu við setningu laga hér á landi er varða réttindi barna.

### 3.2.5 Önnur lög sem máli skipta

Hér er vert að minnast á stjórnarsýslulög nr. 37/1993 en lög þau taka til stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal stjórnarsýslunefndir. Í 13. gr. stjórnarsýslulaga kemur fram að aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.<sup>22</sup>

---

<sup>21</sup> Alþt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403 – 318 mál, greinargerð með frumvarpi til barnaverndarlaga.

<sup>22</sup> Stjórnarsýslulög nr. 37/1993



Umboðsmaður barna gegnir mikilvægu starfi er varðar barnarétt. Í lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 er hlutverk hans skilgreint. Meginhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um þeirra hagsmuni, þarfir og réttindi. Umboðsmaður barna reynir að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, bæði á opinberum vettvangi og hjá einkaaðilum. Hann þarf að fylgjast með því og vinna að því að tillit sé tekið til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu. Hann skal setja fram tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Í störfum sínum á hann að leitast eftir því að hafa virkt samráð við börn og hafa hóp barna sér til ráðgjafar um þau málefni sem snúa að börnum í íslensku samfélagi. Í 3. gr. laga um umboðsmann barna má sjá til hvers er ætlast af umboðsmanni barna í störfum sínum.<sup>23</sup> Í stjórn mála legu tilliti eru börn ekki þrýstihópur og sú staðreynd liggur fyrir að sjónarmið þeirra gleymast alltof oft í heimi hinna fullorðnu þótt að það sé auðvitað ekki algilt. Þess vegna er eitt verkefni umboðsmanns barna gríðarlega mikilvægt og það er að hlusta á raddir barna og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri áður en ákvarðanir sem snerta börn eru teknar. Umboðsmanni barna er ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda, sérstaklega er varða börn. Telja má að í þessu felist heimild til að koma með tillögur til úrbóta ef framkvæmd þessara reglna og fyrirmæla af hálfu stjórnvalda fer að hans mati í bága við hagsmuni, réttindi eða þarfir barna. Umboðsmanni barna er einnig falið það verkefni að stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem snerta réttindi og velferð barna sem Ísland er aðili að séu virtir.<sup>24</sup>

Einnig er vert að skoða lög um ættleiðingar nr. 130/1999. Ættleiðing er gríðarlega mikilvægt réttarúrræði í barnarétti og getur verið grundvöllur að lagatengslum barna og foreldra í mörgum tilfellum. Í lögum um ættleiðingar er fjallað um ættleiðingarleyfi og lagaskilyrði fyrir þeim, lagaáhrif ættleiðingar og niðurfellingu ættleiðingar.<sup>25</sup> Ýmis skilyrði eru fyrir ættleiðingum en ættleiðing þarf alltaf að vera barni fyrir bestu sbr. 4. gr. laga um ættleiðingar. Í 6. gr. ættleiðingalaga er fjallað um samþykki þess sem á að ættleiða en samkvæmt ákvæðinu má ekki ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef

---

<sup>23</sup> Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994.

<sup>24</sup> Umboðsmaður barna, „Hlutverk umboðsmanns barna“ Sótt af <https://barn.is/um-empaettid/hlutverk-umbodsmanns-barna/> þann 27.03.2019.

<sup>25</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 21.

varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því. Í 2. mgr. 6. gr. kemur fram að áður en barn samþykkir ættleiðingu skuli ræða við það á vegum barnaverndarnefndar og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar. Í 3. mgr. 6. gr. kemur fram að einnig skuli með sama hætti og greinir í 2. mgr. 6. gr. leita eftir afstöðu barna yngri en 12 ára um fyrirhugaðar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.<sup>26</sup>

---

<sup>26</sup> Lög um ættleiðingar nr. 130/1999

## 4. Aðildarhæfi barna og afstaða þeirra til mála

Börn eiga alltaf rétt á því í öllum málum er þau varða að leitað sé eftir afstöðu þeirra. Réttur barna til að tjá sig í málum er þau varða kemur meðal annars fram í barnalögum, barnaverndarlögum og barnasáttmálanum sbr. 3. mgr. 1. gr. barnalaga, 2. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 12., og 13 gr. barnasáttmálans. Í þessum ákvæðum kemur fram að öll börn, og barn í skilningi laga eru einstaklingar undir 18 ára, hafa lögbundin rétt til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða og rétt til þess að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra og óska í samræmi við aldur og þroska.

Samkvæmt íslenskum lögum eru það forsjáraðilar sem fara með fyrirsva barna sbr. 5. mgr. 28. gr. barnalaga. Mögulegt er að hagsmunir foreldra og hagsmunir barns fari ekki saman og getur þá verið flókið fyrir barn að fá úrlausn sinna mála. Kemur þá til skoðunar aðildarhæfi þeirra t.d. í dómsmálum og kærumálum.

### 4.1 Dómsmál

Í 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er fjallað um aðildarhæfi í einkamáli. Aðili dómsmáls getur verið hver sá sem getur átt réttindi eða borið skyldur samkvæmt landslögum.<sup>27</sup> Þegar einstaklingur verður lögráða getur hann almennt borið rétt og skyldur. Einstaklingar verða lögráða við 18 ára aldur á Íslandi eins og áður hefur komið fram sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga. Í 3. mgr. 17. gr. einkamálalaga er almennt gert ráð fyrir því að forsjáraðilar barna höfði mál fyrir hönd barns og hefur þá forsjáraðili fyrirsva fyrir barnið í málinu. Ef að forsjáraðilar barna af einhverjum ástæðum neita að sækja mál fyrir hönd barns er heimilt að skipa barni sérstakan lögráðamann til að reka tiltekið erindi sbr. 53. gr. lögræðislaga.<sup>28</sup> Samkvæmt 80. og 81. gr. lögræðislaga eru það sýslumenn, hver í sínu umdæmi, sem skipa lögráðamenn og hafa eftirlit með þeim.<sup>29</sup>

Við 15 ára aldur getur barn í ákveðnum barnaverndarmálum verið sjálfstæður aðili sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga. Út frá þessu má ætla að börn sem náð hafa 15 ára aldri geti sjálf leitað til dómstóla í málum sem þessum. Við 15 ára aldur verður barn þar að auki sakhæft og þar með sjálfstæður aðili að sakamáli sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 2.

<sup>27</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 19/1991

<sup>28</sup> Umboðsmaður barna, „Skýrsla umboðsmanns barna 2014“ bls 11

<sup>29</sup> Lögræðislög nr. 71/1997

mgr. 27. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 kemur hinsvegar fram að sé sakborningur ólöggráða kemur lögráðamaður fram sem fyrirsvarsmáður hans eftir þörfum. Ef barn er ófært um að taka ákvarðanir sbr. 2. mgr. 27. gr. tekur lögráðamaður ákvörðun fyrir hönd barns en það ræðst af eðli máls hverju sinni hvort að lögráðamaður eða barnið sjálft taki ákvörðun. Rétt er þó að geta þess að lögráðamaður á alltaf að ræða við barn og taka tillit til sjónarmiða þess við sína ákvarðanatöku.<sup>30</sup>

Með vísan til þessa verður að segjast að ákveðið ósamræmi eigi sér stað í dómsmálum barna hér á landi. Meginreglan í einkamáum er sú að aðili þarf að geta átt réttindi og skyldur og er það almennt við 18 ára aldur en barn er talið sjálfstæður aðili að sakamáli við 15 ára aldur.

## 4.2 Kærumál

Það getur reynt á aðildarhæfi barna í hinum ýmsu málum er varða úrskurðaraðila eða kærunefndir. Til dæmis getur barn keypt gallaða vöru og verið órétti beitt á mörgum sviðum. Stjórnsýslunefndir/kærunefndir eru fjölmargar á hinum ýmsu sviðum og þar getur komið til skoðunnar aðildarhæfi barna eða réttur þeirra til aðkomu að málum.

Árið 2014 gerði umboðsmaður barna könnun á því hvernig úrskurðaraðilar hér á landi myndu bregðast við ef að barn myndi kæra mál án samþykkis eða vitundar foreldra og jafnvel á móti vilja foreldra sinna. Umboðsmaður sendi bréf til ýmissa kærunefnda og úrskurðaraðila og óskaði eftir upplýsingum varðandi það hvort að börn hefðu leitað til þeirra án forsjáraðila og ef svo væri, hvernig brugðist hefði verið við. Umboðsmaður barna fékk svör frá um 30 úrskurðaraðilum og nefndum en svörin voru mjög misjöfn. Með þessu kom meðal annars í ljós að sjaldgæft væri að börn leituðu til úrskurðaraðila eða nefnda án forsjáraðila. Einhverjir töldu að leysa ætti úr málum eins og aðili væri fullorðinn og aðrir töldu ekki heimilt að taka við erindum frá börnum ef foreldrar hefðu ekki lögformlegt fyrirsvar fyrir þau. Svörin sýna að það er til staðar ákveðið ósamræmi á milli þess hvort kæru barna, án aðkomu foreldra, séu afgreiddar eða ekki.<sup>31</sup>

## 4.3 Dómar þar sem vilji barna hafði áhrif á niðurstöðu

---

<sup>30</sup> Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

<sup>31</sup> Umboðsmaður barna, „Skýrsla umboðsmanns barna 2014“ bls 11

Í Hrd. nr. 632/2008 krafðist K þess að fá dætur sínar og M, 10 og 12 ára teknar úr umráðum M og fengnar sér með beinni aðfarargerð. K og M voru með sameiginlega forsjá stúlkanna en lögheimili þeirra var hjá K. Í Hæstarétti var vísað til skýrslu sálfræðings en hann hafði rætt við dætur aðilanna og kannað afstöðu þeirra til málsins. Báðar stúlkurnar höfðu lýst yfir vilja sínum til þess að búa hjá M og fært rök fyrir þeirri afstöðu. Eldri stúlkan var 13 ára og afstaða hennar sýndist nokkuð afdráttarlaus og byggð á reynslu. Litið var til aldurs stúlkanna og þess sem fram kom í skýrslu sálfræðingsins um afstöðu þeirra. Varhugavert þótti að taka kröfu K um afhendingu stúlkanna til greina og var kröfunni því hafnað.

Í Hrd. nr. 140/2008 var deilt um forsjá. M og K deildu um forsjá tveggja sona sinna 10 og 6 ára. Dómkröfur stefnanda K voru þær að sameiginleg forsjá yrði felld úr gildi og hún fengi forsjá drengjanna. Fyrir Hæstarétti var lögð fram matsgerð sálfræðings sem var dómkvaddur í Héraðsdómi Reykjavíkur að beiðni áfrýjanda til að gefa faglegt álit á því hjá hvorum aðila málsins forsjá drengjanna yrði best fyrirkomið til framtíðar. Niðurstöður matsmannsins lýstu jákvæðum tengslum A við foreldra sína en þau væru sterkari í garð móður. Afstaða A varðandi búsetu var skýr og afdráttarlaus. Hann vildi búa hjá móður sinni og fara í umgengni til föður síns. Afstaða hans byggði greinilega á sterku tilfinningalegu sambandi við móður sína og ástæða væri til að taka fullt mark á því. Niðurstöður B byggðu á jákvæðum tengslum B við foreldra sína, jákvæðni í garð stjúpföður og neikvæðni í garð stjúpmodur. Ekkert frekar kom fram sem hægt var að byggja á varðandi afstöðu hans til búsetu. Endurrit af skýrslu matsmanns var lagt fyrir Hæstarétt þar sem matsmaður lýsti þeirri skoðun sinni að eldri drengurinn hefði með óvenjulega skýrum hætti lýst vilja sínum til að vera hjá móður en yngri drengurinn hefði enga afstöðu tekið. Kom það einnig fram að matsmaður taldi drengina tvo mikið tengda. Með hliðsjón af álit matsmannsins sem var sálfræðingur og forsenda héraðsdóms var staðfest að sonunum væri fyrir bestu að lúta forsjá K.

#### **4.4 Vilji barna eitt af sjónarmiðum dómkvaddra matsmanna**

Barnalög gera ráð fyrir því að heimilt sé að afla sérfræðiálita/skýrslna. Umsagnir sérfræðinga um aðstæður barns og tengsl þess við deiluaðila ráða oft úrslitum í málum er þau varða og þess vegna er ástæða til þess að gera þeim sérstök skil.<sup>32</sup> Í 3. mgr. 42. gr. barnalaga kemur fram að dómari geti lagt það fyrir aðila að afla sérfræðilegrar álitsgerðar ef hann telur þess

---

<sup>32</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 302.

þörf. Dómari getur einnig hafnað kröfu um dómkvaðningu ef hann telur að öflun sérsfræðilegrar álitsgerðar gangi gegn hagsmunum barns eða séu óþarfar. Um álitsgerðir samkvæmt þessari málsgrein fer að öðru leyti samkvæmt reglum um dómkvadda matsmenn. Í 43. gr. barnalaga er meðal annars fjallað um rétt barna til þess að tjá sig um mál. Þar kemur fram að dómari geti falið sérfróðum manni að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það skv. ákvæðum 42. gr. Þegar sérfróður matsmaður hefur ekki verið dómkvaddur getur dómari falið sérfræðingi að kynna sér viðhorf barns og gefa um það skýrslu.<sup>33</sup>

Í barnaverndarlögum er einnig að finna ákvæði um að leita skuli aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Í 22. gr. er varðar markmið könnunar máls kemur fram að nauðsynlegt sé að afla upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Barnaverndarefnd á að reyna að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl þess við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað á heimili barns, skólagöngu, hegðun og líðan barns. Ef þess þarf skal leita aðstoðar sérfræðinga til að afla þessara upplýsinga. Í 52. gr. kemur fram að nefndin geti ef hún telji ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna eins og álitsgerða sérfræðinga. Einnig kemur fram í 56. gr. um sönnun og sönnunargögn að dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Um hlutverk ráðuneytisins er svo fjallað í 89. gr. d. barnaverndarlaga. Þar kemur fram að ráðuneytið á að hafa eftirlit með því að úrræði á ábyrgð ríkisins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru meðal annars í lögum og reglugerðum, þegar það á við. Til dæmis getur ráðuneytið falið óháðum sérfræðingi að heimsækja heimili eða stofnanir skv. 79. gr. sömu laga að lágmarki einu sinni á ári. Þessi sérfræðingur á sérstaklega að leitast eftir því að gefa börnum kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur, þroska og markmið með vistun.<sup>34</sup>

---

<sup>33</sup> Barnalög nr. 80/2002

<sup>34</sup> Barnaverndarlög nr. 80/2002

## 5. Hvenær ráða börn sjálf ?

Álitamál um það hvenær börn megi taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama koma upp reglulega. Í mörgum tilvikum svara lög spurningum um það hvenær börn megi ráða sjálf og hvenær ákvörðunarvald sé foreldranna. Í öðrum tilfellum gefa lögin ekki nógu skýr svör og þarf þá að meta rétt barna til með- og sjálfsákvörðunarréttar en það er mjög misjafnt eftir aðstæðum hverju sinni. Ýmis sjónarmið geta haft áhrif hverju sinni og alls ekki er víst að allir séu sammála um það hvernig túlka skuli réttindi og ábyrgð barna og foreldra.

Eins og fram hefur komið hér áður í ritgerðinni eru börn samkvæmt íslenskum lögum ólögráða til 18 ára aldurs og því gegna foreldrar þeirra forsjárskyldu þangað til að börn þeirra verða 18 ára. Samkvæmt 5. mgr. 28 .gr. barnalaga felst forsjárskyldan í því að foreldri hefur rétt og skyldu til þess að ráða persónulegum högum barns. Þrátt fyrir þetta eru skoðanir barns mjög mikilvægar og taka skal réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska. Bæði í barnalögum og barnasáttmálanum eru börnum tryggður almennur samráðsréttur en barn hefur ávallt rétt á því að vera með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir í persónulegum málum þess. Einnig höfum við í lögum ýmis ákvæði sem fjalla um það hvenær börn þurfi sjálf að eiga beina aðild að ákvörðunum og hvenær þau geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir.

### 5.1 Samráðsréttur

Í 3. mgr. 1. gr. og 6. mgr. 28. gr. barnalaga ásamt 12. gr. barnasáttmálans kemur fram að foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta í samræmi við aldur og þroska barnsins. Þarna sjáum við í lögum að börnum er tryggður samráðsréttur í öllum málum sem þau varða með einum eða öðrum hætti ásamt því að í 12. gr. barnasáttmálans hefur verið lögð áhersla á það að barn geti haft áhrif við meðferð mála hjá úrskurðaraðilum. Samráðsrétturinn og 12. gr. barnasáttmálans eru því tengd og hafa börn rétt til að láta skoðanir sínar í ljós og foreldrar skulu taka réttmætt tillit til þeirra skoðana. Með þessu sjáum við að börn ráða ekki alfarið högum sínum sjálf en foreldrum ber að hafa samráð við börnin sín í málum er þau varða og veita þeim leiðsögn sbr. 5. gr. barnasáttmálans.<sup>35</sup>

---

<sup>35</sup> Umboðsmaður barna, „Hvenær ráða börn sjálf?“ Sótt af <https://barn.is/frettir/2015/09/hvenaer-rada-boern-sjalf/> þann 10.05.2019.

## 5.2 Meðákvörðunarréttur

Þegar skoðanir barns fá aukið vægi og ákvörðun ekki tekin án þess samþykkis er talað um að börn hafi meðákvörðunarrétt í málum sem þau varða. Eftir því sem börn eldast og þroskast verða þessar ákvarðanir algengari. Almennt hefur löggjafinn gert ráð fyrir því að börn sem eru orðin 12 ára njóti meðákvörðunarréttar þannig að vilji þeirra eigi að ráða að mestu úrslitum mála er þau varða sbr. 13. og 14. gr. laga um mannanöfn nr. 46/1996 og 6. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Þarna kemur fram að 12 ára barn þarf sjálft að samþykkja nafnabreytingu og ættleiðingu.<sup>36</sup>

## 5.3 Sjálfsákvörðunarréttur

Í sumum tilvikum er talið rétt að börn geti ráðið sjálft hvaða ákvörðun skuli tekin og að þau eigi svokallaðan sjálfsákvörðunarrétt. Dæmi um lögvarinn sjálfsákvörðunarrétt barna er að finna í ýmsum lögum sbr. 75. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 en þar kemur fram að börn ráði sjálf yfir sjálfsafla- og gjafafé sínu þrátt fyrir að vera ekki orðin fjárráða og 26. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 sem fjallar um rétt til að samþykkja eða hafna læknismeðferð frá 16 ára aldri. Einnig getum við séð sjálfsákvörðunarrétt barna í 8 gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og 13. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.

Ljóst er að þrátt fyrir að foreldrar fari með forsjá barna sinna til 18 ára aldurs þá eru börnin alltaf að öðlast stigvaxandi rétt til að hafa áhrif á eigið líf og í sumum tilvikum taka sjálfstæðar ákvarðanir um málefni er þau varða. Þegar einstaklingur nær 18 ára aldri verður hann lögráða og á þá sjálfsákvörðunarrétt um öll mál sem hann varðar.<sup>37</sup>

## 5.4. Áhrif barna þegar lögum sleppir

Í einhverjum tilvikum getur það komið fyrir að lög skeri ekki úr um það hvort barn eigi að hafa áhrif á ákvörðun sem það varðar eða þá hversu mikil áhrif barnið á að geta haft. Þetta þarf að meta út frá aðstæðum, réttindum, þroska og reynslu barns hverju sinni. Rétt er að börn hafi

---

<sup>36</sup> Umboðsmaður barna, „Hvenær ráða börn sjálf?“ Sótt af <https://barn.is/frettir/2015/09/hvenaer-rada-boern-sjalf/> þann 10.05.2019.

<sup>37</sup> Umboðsmaður barna, „Hvenær ráða börn sjálf?“ Sótt af <https://barn.is/frettir/2015/09/hvenaer-rada-boern-sjalf/> þann 10.05.2019.



mikið að segja um sín persónuleg málefni og njóta þau friðhelgi einkalífs eins og aðrir. En friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis eru mannréttindi sem eru meðal annars tryggð í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sbr. lög nr. 62/1994. Þessi ákvæði ná bæði til fullorðinna og barna. Börnum er einnig tryggður sérstakur réttur til friðhelgi einkalífs í barnasáttmálanum sbr. 16. gr. Friðhelgi einkalífs felur meðal annars í sér rétt til að ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Mjög mikilvægur partur af friðhelgi einkalífs felst einmitt í því að geta tekið sjálfur ákvarðanir í persónulegum málefnum.

### **5.5. Dómur er varðar brot á réttindum barns til að tjá sig**

Hér langar mig að benda á einn dóm þar sem úrskurður héraðsdóms var felldur úr gildi og vísað heim í hérað vegna skorts á afstöðu barns.

Í Hrd. nr. 703/2017 var kærður úrskurður héraðsdóms þar sem lögheimili barns hefði verið skráð til bráðabirgða hjá föður og ekki hafi verið leitað eftir skoðun barnsins. Barnið var 10 ára gamalt og var hvorki gefið tækifæri til þess að tjá sig um hvar lögheimili þess skyldi vera til bráðabirgða né hvernig umgengi þess við hitt foreldri skyldi háttað. Hæstiréttur vísaði málinu heim í hérað þar sem virt hefðu verið að vettugi lögbundin réttindi barnsins til að tjá sig við meðferð málsins. Hæstiréttur vísaði til ákvæða í barnalögum nr. 76/2003 og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Samkvæmt þessum réttarheimildum væri lögskyld að leita eftir afstöðu barns og taka réttmætt tillit til hennar, þegar fyrir stjórnvöldum og dómstólum væru rekin mál sem vörðuðu hagsmuni barns og væri það meginregla. Það væri aðeins í undantekningartilvikum sem heimilt væri að víkja frá þessari meginreglu ef að slíkt gæti haft skaðleg áhrif á hagsmuni barns eða væri þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Gögn málsins báru ekki með sér að svo væri og hafi héraðsdómi því borið skylda að leita eftir afstöðu sonar málsaðila áður en hann réði til lykta ágreiningi þeirra. Að þessu virtu var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

## **6. Vaxandi réttur barna til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi**

Réttur barna til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar í málum sem þau varða og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi fer stigvaxandi. Börn eiga ekki aðeins rétt á því að tjá sig í málum sem snerta þau persónulega heldur eru einnig í gangi verkefni sem eiga að tryggja það að börn fái almennt að tjá sig í málum sem þau varða. Ég ætla að fjalla um tvö dæmi sem eru í gangi nú þegar á Íslandi er varða stigvaxandi rétt barna. Í fyrsta lagi er í gangi alþjóðlegt verkefni UNICEF sem kallast barnvæn sveitarfélög en það gengur út á það að sveitarfélög innleiði barnasáttmálann í stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga og fjallað verður nánar um það hér á eftir. Í öðru lagi er unnið hörðum höndum að því að koma í framkvæmd breyttu verklagi sem á að tryggja raunverulega þátttöku barna og ungmenna í starfi stjórnarráðsins ásamt því að tryggja, að við allar stórar ákvarðanir eins og t.d. frumvörp o.fl. sé metið hvort og hvaða áhrif það muni hafa á börn og ungmenni, en það verður einnig rætt nánar hér á eftir.

### **6.1 Barnvæn sveitarfélög**

Barnvæn sveitarfélög er hugmyndafræði sem byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities. Þetta hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá árinu 1996. Barnvæn sveitarfélög er líkan sem styður við innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga. Sveitarfélög annast stóran hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna og því má segja að barnasáttmálinn verði aldrei að fullu innleiddur í íslenskt samfélag nema í samstarfi við íslensk sveitarfélög. Þegar sveitarfélag innleiðir barnasáttmálann samþykkir það að nota sáttmálann sem viðmið í störfum sínum og að litið sé til forsenda sáttmálans í allri starfsemi þess er varðar börn. Með þessu er sáttmálinn nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Þegar sveitarfélag fær viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag skuldbindur það sig til þess eins og kom fram hér að ofan að innleiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins.<sup>38</sup>

---

<sup>38</sup>Barnvaensveitarfelog.is, „Hvað eru barnvæn sveitarfélög?“ sótt af <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/hvad-eru-barnvaen-samfelog/> þann 27.04.2019.

## 6.1 Grunnþættir barnvænna sveitarfélaga

Grunnþættir verkefnisins eru þekking á réttindum barna, alltaf skal hafa að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu, jafnræði skal vera í fyrirrúmi og ávallt skal horfa til réttinda allra barna, þátttöku barna í hinum ýmsu málum og barnvænni nálgun.

Fyrsti grunnþáttur varðandi þekkingu á réttindum barna fjallar um það að til þess að börn geti notið réttinda sinna er nauðsynlegt að bæði börn og fullorðnir þekki réttindin, skilji inntak þeirra og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og umhverfi barna sjá 4. gr. barnasáttmálans. Mikil fræðsla og upplýsingar um réttindin auka líkurnar á því að réttindin séu virt. Börn sem þekkja sín réttindi eru einnig mun líklegri til að bera virðingu fyrir réttindum annarra. Með því að auka skilning á réttindum er því hægt að hafa áhrif á vinnuferla, viðhorf og þjónustu sveitarfélagsins.

Grunnþáttur tvö varðar það sem barni er fyrir bestu en það er einmitt ein af fjórum grundvallarforsendum barnasáttmálans og má sjá þá reglu í 3 gr. sáttmálans. Hagsmunir barna eiga að vera hafðir að leiðarljósi í allri starfsemi barnvæns sveitarfélags. Ef að hagsmunir barna og fullorðinna vegast á eiga hagsmunir barna að vega þyngra. Þegar mótaðar eru stefnur, fjárhagsáætlanir og reglur eða ákvarðanir teknar á vettvangi sveitarfélags ætti alltaf að greina og meta hvort eða hvaða áhrif þær gætu haft á hagsmuni og réttindi barna. Þegar mat er lagt á það hvað teljist börnum/barni fyrir bestu skiptir gríðarlegu máli að huga að réttindum barnsins í víðu samhengi m.a. út frá grundvallarforsendum barnasáttmálans.

Grunnþáttur númer þrjú varðar jafnræði, að horft sé til réttinda allra barna og er einnig ein af grundvallarforsendum barnasáttmálans sjá 2. gr. Sveitarfélag á að stuðla að jafnræði í allri sinni vinnu. Áætlanir um jafnræði og mannréttindastefnur ættu að taka mið af því að börn og ungmenni eru mjög víðtækur og fjölbreyttur hópur á breiðu aldursbili. Til að tryggja jafnræði barna er þörf fyrir markvissa vinnu sem miðar að því meðal annars að draga úr fordómum, breyta viðhorfum, úrvinnslu tölfræðilegra gagna um stöðu barna og mótun markvissrar stefnu í virku samráði við börn. Mikilvægt er að sveitarfélag safni upplýsingum um lífsskilyrði barna og haldi til haga gagnagrunni. Með þessum gagnagrunni getur sveitarfélag greint viðkvæma hópa og geta þar af leiðandi beitt aðgerðum til þess að bæta stöðu þeirra. Mikilvægt er að sveitarfélagið nálgist þessa hópa og hafi við þá samráð/samtal. Þetta hjálpar sveitarfélagi að vinna gegn mismunun. Að greina mismunun og efla jafnræði krefst fræðslu innan sveitarfélags og stofnana þess. Skoða þarf allt vinnulag í öllum

málaflokkum til þess að meta hvort það takmarki eða útiloki ákveðna hópa barna og ungmenna frá þátttöku í verkefnum og þjónustu. Lykilatriði er að tryggja það að öll börn eigi möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri án tillits til stöðu þeirra.

Grunnþáttur númer fjögur er þátttaka barna. Þegar sveitarfélag ákveður að innleiða barnasáttmálann þá viðurkennir það að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitarfélagið. Barnvæn sveitarfélög eiga að vinna að því að efla þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og leita eftir að nýta sér þeirra reynslu og viðhorf til að bæta þá þjónustu sem þeim er ætluð. Sveitarfélag á að hlusta eftir skoðunum barna og taka réttmætt tillit til þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hvetja börn til lýðræðislegrar þátttöku og tryggja þeim þann vettvang sem þau þurfa til að tjá sig á eigin forsendum og á þetta við um öll mál er varða börn með einum eða öðrum hætti, skólastarf, félagsþjónustu, frístundastarf og skipulag nánasta umhverfis. Mörg önnur lög en barnasáttmálinn tryggir einnig börnum þessi réttindi t.d. barnalög, grunnskólalög, framhaldsskólalög, æskulýðslög og barnaverndarlög. Sum lög tiltaka ákveðin aldursmörk eða gera óbeint ekki ráð fyrir því að ung börn hafi formlegar leiðir til áhrifa og þátttöku en þrátt fyrir það þá eiga öll börn þennan rétt. Leitast á eftir því að hlusta á raddir ólíkra hópa og sérstaklega þá sem standa höllum fæti eða eigi frekar hættu á því að verða fyrir mismunun. Sveitarfélag sem vinnur að því að innleiða sáttmálann á að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir börn og ungmenni til þess að fá að tjá sig, láta raddir sínar heyrast. Samræður á milli barna og stjórnenda sveitarfélagsins ættu að eiga sér stað með reglulegu millibili. Barnvæn sveitarfélög þurfa að hafa skýra verkferla fyrir samráð við börn og ungmenni varðandi mál barna sem tekin eru fyrir innan stjórnsýslunnar.

Fimmti og síðasti grunnþátturinn er barnvæn nálgun. Það er ekki einungis nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af barnasáttmálanum til þess að sveitarfélag sé talið barnvænt heldur þarf einnig að tryggja það að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna. Öll þjónusta sem ætluð er börnum skal vera barnvæn eins og t.d. barnavernd og félagsþjónustan. Starfsumhverfi sveitarfélaga ætti að mótast af þörfum barna, þannig að sem auðveldast sé fyrir börn á öllum aldri að óska eftir aðstoð við hæfi. Miklu máli skiptir að börnin geti sjálf leitað sér aðstoðar hjá starfsfólki sveitarfélagsins og fengið hjá þeim leiðbeiningar og ráðgjöf án aðkomu foreldra. Einnig þarf að tryggja að þau svið og þær stofnanir sem hafa ekki augljósa tengingu við börn tileinki sér barnvæna nálgun. Umhverfis- og skipulagssvið eða fjármálasvið ættu ekkert síður að vera þátttakendur í því að tileinka sér barnvæna nálgun heldur en skóla og frístundasvið eða

barnavernd. Flestir foreldrar eru færir um að aðstoða börnin sín og koma fram fyrir þeirra hönd ef brotið er á þeim en því miður þá er það ekki alltaf raunin, þess vegna er svo mikilvægt að í barnvænu sveitarfélagi geti börn komið sjálf ábendingum og tilkynningum á framfæri ef að réttindi þeirra eru ekki virt, óháð vitneskju eða samþykki foreldra. Þær leiðir sem boðið er upp á í sveitarfélaginu þurfa því að vera einfaldar og barnvænar, þannig að börn geti nýtt sér þær. Það þarf að vinna markvisst að forvörnum og fræðslu til að stuðla að velferð barna í sveitarfélaginu til dæmis þyrfti starfsfólk sem vinnur með börnum að fá viðeigandi þjálfun til að greina líðan barna og væri þannig hægt að bregðast rétt við og tilkynna til barnaverndar ef ástæða er til að ætla að barn hafi orðið fyrir einhverskonar ofbeldi, vanrækslu eða einhversskonar illri meðferð. Skýrt verklag þarf að liggja fyrir og hvernig unnið skuli með slík mál.

Það er fátítt að börn og ungmenni komi að skipulagsmálum varðandi umhverfi og samgöngur í sveitarfélögum en ef til vill eru þau virkustu notendur umhverfis og samgangna og því búa börn og ungmenni yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu sem gæti nýst starfsmönnum sveitarfélagsins þegar kemur að því að skipuleggja t.d. útivistarsvæði, skólalóðir, samgöngur á milli hverfa og fleira. Sveitarfélag á að leggja sig fram við að bjóða börnum og ungmönnum að taka þátt í því að skipuleggja, sérstaklega þegar unnið er að skipulagi skólalóða, skólabygginga eða útivistarsvæða sem ætluð eru þeim. Einnig er mikilvægt að barnvænt sveitarfélag styðji við félagslegt umhverfi og menningu barna með fjölbreyttum hætti. Þetta er t.d. gert með því að veita íþróttar eða tómstundastyrki. Leita skal samt ávallt eftir viðhorfum og skoðunum barna á því hvernig þau vilja nota frítímann sinn og stuðla að fjölbreyttu frístundastarfi til að allir geti tekið þátt.<sup>39</sup>

## 6.2 Innleiðingarferlið

Akureyri verður fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til þess að fá viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag en innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref sem að sveitarfélag þarf að stíga með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Eftir tvö árin getur sveitarfélag sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Starfsfólk UNICEF þarf að meta hvort að

---

<sup>39</sup> Barnvaensveitarfelog.is, „Grunnþættir barnvænna sveitarfélaga ” sótt af <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/grunnthaettir-barnvaenna-sveitarfelaga/> þann 27.04.2019.

innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og hvort aðgerðaráætlun verkefnisins hafi verið fylgt. Til að sveitarfélag haldi svo viðurkenningunni þarf að halda innleiðingunni áfram með því að setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati frá UNICEF á Íslandi að tveimur árum liðnum.

Fyrsta skref innleiðingarferlisins hefst á því að sveitastjórn samþykkir formlega að innleiða líkanið og stofnaður er stýrihópur verkefnisins, stýrihópurinn ber ábyrgð á innleiðingu skrefanna átta og samskiptum við UNICEF. Stýrihópurinn velur helstu markmið aðgerðaáætlunar verkefnisins út frá upplýsingum sem koma fram í kortlagningu innan sveitarfélagsins og samtala við einstaklinga þvert á svið og þjónustu, þetta eru skref 2-4, undirbúningur og markmið. Fimmta skrefið er að uppfylla markmiðin. Innleiðingarferlinu lýkur svo þegar sveitarfélagið gefur UNICEF skýrslu um framvindu verkefnisins, 6 skref. Ef UNICEF metur það svo að innleiðingin hafi verið til framdráttar í viðkomandi sveitarfélagi og að aðgerðaráætlun hafi verið framfylgt fær sveitarfélagið viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga og það er 7 skref. 8 skrefið varðar svo endurmat og ný markmið. Ef sveitarfélagið heldur svo innleiðingunni áfram hefst þetta tveggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrri aðgerðaráætlun. Að loknum þessum tveimur árum getur sveitarfélagið sótt um að fá að halda viðurkenningunni um að vera barnvænt sveitarfélag til tveggja ára til viðbótar.<sup>40</sup>

### **6.3. Breytt verklag með séráherslu á börn**

Ríkisstjórn Íslands hefur nú þegar samþykkt á fundi, tillögu Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra um það að stefnt verði að aukinni þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda sem og einnig tillögu sem felur í sér að allar stærri ákvarðanatökur og lagafrumvörp skuli skoðuð út frá áhrifum þeirra á stöðu og réttinda barna. Umfangsmikil vinna fer nú fram í þágu barna sem leidd er af félags- og barnamálaráðherra, Ásmundi Einari og stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna en í honum eiga sæti fulltrúar sex ráðuneyta. Í vinnunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að gera breytingar til að fá fram skoðanir barna og ungmenna með ýmsum hætti. Mikill vilji er innan stjórnarráðsins til þess að börn og ungmenni fái tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og að þátttaka þeirra verði aukin og að

---

<sup>40</sup> Barnvaensveitarfelog.is, „Hvað eru barnvæn sveitarfélög? ” sótt af <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/hvad-eru-barnvaen-samfelog/> þann 27.04.2019

sú þátttaka verði markviss, regluleg og raunveruleg. Tillaga þessi er fyrsta tillagan sem samþykkt er í ríkistjórn sem unnin hefur verið í samstarfi allra ráðuneyta sem eiga aðild að stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna.

Þessi tillaga félags- og barnamálaráðherra er í samræmi við bæði 3. gr. og 12. gr. barnasáttmálans. Það er talið mikilvægt að við alla stefnumótun, ákvarðanatöku stjórnvalda og við samningu löggjafar verði það skylda að líta sérstaklega til hagsmuna barna og meta möguleg áhrif á réttindi og aðstæður þeirra auk þess að kveðið er á um að íslenska ríkinu sé skylt að gefa börnum færi á að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða með einum eða öðrum hætti og tryggja það að réttmætt tillit sé tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Stýrihópnum verður falið það að fullmóta umgjörð og framkvæmd verkefnisins, að miklu þarf að huga þegar farið er í svona stórt verkefni. Huga þarf sérstaklega að mismunandi þörfum einstaklinga og hópa og stuðla að því að öllum börnum og ungmennum séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku, án allrar mismununar.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup> Félagsmálaráðuneytið, fréttir, „Breytt verklag með aukna áherslu á börn“ (1. mars. 2019) sótt af [https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/01/Breytt-verklag-med-aukna-aherslu-a-born/?fbclid=IwAR0ndWbZ2q2oyxHJ58yTCrhDB\\_WkUggnehYv5yxKXx\\_9cZkeAc8VsTCvss](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/01/Breytt-verklag-med-aukna-aherslu-a-born/?fbclid=IwAR0ndWbZ2q2oyxHJ58yTCrhDB_WkUggnehYv5yxKXx_9cZkeAc8VsTCvss) þann 1.3.2019

## 8. Frjálsu félagasamtökin KidsRights

KidsRights eru alþjóðleg félagasamtök sem reyna að stuðla að velferð barna um allan heim og hafa það að markmiði að réttindi þeirra séu virt. Aðal markmið samtakanna er að öll börn, alls staðar í heiminum fái að njóta réttinda sinna og rækta hæfileika sína á eigin forsendum. Samtökin vilja skapa börnun tækifæri til að tjá skoðanir sínar og stuðla þannig að breytingum. Samtökin vilja styðja börn með því að vekja heimsathygli á réttindum barna og framkvæmd þeirra. Þau miða að því að bæta réttindi barna og örva þátttöku þeirra.

Á hverju ári er gefinn út stuðull/skýrsla sem er í raun mælikvarði samtakanna á það hvernig aðildarríki barnasáttmálans virða réttindi barna. Þessi stuðull byggir á tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til aðildarríkja barnasáttmálans, upplýsingum frá UNICEF og UNEP. Niðurstöður skýrslunnar byggja á 20 mælikvörðum um líf, heilsu, vernd, menntun og umhverfi réttinda barna. Eitt af þessum 20 atriðum er einmitt það að virða eigi skoðanir barna og hvetja þau til þátttöku í málum sem þau varða.

Árið 2017 var Ísland í fjórða sæti á listanum, árið 2018 var Ísland í öðru sæti á listanum á eftir Noregi en nú árið 2019 er Ísland í efsta sæti á listanum af 181 landi.



## 9. Lokaorð

Aðal umfjöllunarefni þessarar ritgerðar varðar réttindi og rétt barna til þess að tjá skoðanir sínar í málum er þau varða. Réttindi barna til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða eru meðal annars tryggð í 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og í 12. gr. barnasáttmálans.

Ég hef reynt eftir föngum að skilgreina hvað er barn í lagalegu tilliti en samkvæmt réttarreglum á Íslandi og barnasáttmálanum eru börn í skilningi laga einstaklingar undir 18 ára aldri. Gerð hefur verið grein fyrir lagaumhverfi barnaréttar og helstu réttarheimildum. Aðal réttarheimildir barnaréttar eru barnalög nr. 76/2003 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Þá hef ég lagt áherslu á að gera grein fyrir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og valfrjálsu bókunum hans en við hann hafa verið gerðar þrjár valfrjálsar bókanir og hefur Ísland þegar undirritað tvær af þeim bókunum og þar með fullgilt þær. Þriðja valfrjálsa bókunin við barnasáttmálann tók gildi árið 2014 og hefur Ísland ekki fullgilt þá bókun. Þessi bókun varðar sjálfstæðar kærueimildir barna og þeirra fulltrúa. Barnasáttmálinn hefur skipt gríðarlega miklu máli er varðar réttindi barna á Íslandi en tilurð hans og innleiðing í íslensk lög var mjög gagnleg og nauðsynleg til að tryggja frekar réttindi barna og alla málsmeðferð sem varðar börn. Með vísan til barnasáttmálans var gerð breyting á stjórnarskránni sem kveður á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst sbr. nú 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1994.

Stuttlega hef ég gert grein fyrir dómum þar sem vilji barna hafði afgerandi áhrif á niðurstöðu dómsmáls og dómi er varðar brot á réttindum barns til að tjá sig. Mikilvægt er að dómstólar fjalli um réttindi barna og skýri þar með réttarstöðu þeirra í málum sem til þeirra koma. Í ritgerðinni gerði ég einnig grein fyrir rétti barna til að mega taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama og fjallaði um samráðsrétt, meðákvörðunarrétt og sjálfsákvörðunarrétt en þessi réttindi barna eru lögbundin á einstökum sviðum.

Að lokum fjallaði ég um aukinn rétt barna til að taka ákvarðanir, tjá skoðanir sínar og vera virkari þátttakendur í íslensku samfélagi. Áhugaverð verkefni eru í gangi nú þegar, meðal annars alþjóðlegt verkefni UNICEF sem kallast barnvæn sveitarfélög. Farið var yfir markmið og tilgang þess verkefnis en raunverulega byggir þetta verkefni á því að sveitarfélög innleiði barnasáttmálann í alla sína stjórnslu. Akureyri verður fyrsta sveitarfélagið til að fá þessa viðurkenningu og fór ég stuttlega yfir innleiðingarferlið í ritgerðinni. Þá er ríkistjórn Íslands að vinna að því að auka þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda með því að

samþykkja tillögu sem unninn hefur verið í samstarfi allra ráðuneyta og á að tryggja betur rétt barna til að koma skoðunum sínum á framfæri. Byggir það verkefni á barnasáttmálanum einkum 3., og 12. gr. hans.

Þrátt fyrir þau jákvæðu tíðindi að Ísland sé komið upp í fyrsta sæti á mælikvarða alþjóðlegu félagasamtakana KidsRights, sem er mælikvarði á það hvernig aðildarríki barnasáttmálans virði réttindi barna, er að mínu áliti hægt að gera mun betur í málefnum barna hér á landi. Nú þegar er verið að stíga mörg jákvæð skref í átt að betra samfélagi fyrir börnin okkar t.d. með verkefninu barnvæn sveitarfélög sem styrkir stöðu barnasáttmálans og mun án efa koma til með að styrkja stöðu barna á Íslandi ásamt verkefninu sem ríkisstjón Íslands vinnur nú að í samstarfi allra ráðuneyta og á að tryggja börnum aukna þátttöku í stefnumótum stjórnvalda. Þrátt fyrir öll þessi jákvæðu skref sem er verið að taka hérlendis tel ég að Ísland þurfi nauðsynlega að auka fræðslu barna um réttindi sín og staðfesta þriðju valfrjálsu bókunina við barnasáttmálann vegna þess að sú bókun veitir börnum tækifæri til að kæra mál til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Það má segja sem svo að það sé grunnforsenda þess að réttindi barna séu virk í framkvæmd að það sé til staðar skilvirk kæruleið fyrir börn sem telja á sér brotið. Forsenda þess að hægt sé að fara með mál til nefndarinnar er reyndar sú að að allar kæruleiðir í heimalandi séu fullreyndar.

Almennt má segja að Ísland standi mjög framarlega í málum er varða réttindi barna og rétt þeirra til að tjá sig en betur má ef duga skal.

## Heimildaskrá

### Bækur og rit

Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1995.

Sigríður Logadóttir: *Lög á bók, yfirlitsrit um lögfræði*. Forlagið, 2016.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði, grundvöllur laga- réttarheimildir*. Hið íslenska bókmenntafélag,

Stjórnartíðindi C. Nr. 18/1992

### Fréttir og Vefsíður

Félagsmálaráðuneytið, fréttir, „*Breytt verklag með aukna áherslu á börn*“ (1. mars. 2019)

sótt af [https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/01/Breytt-verklag-med-aukna-aherslu-a-born/?fbclid=IwAR0ndWbZ2q2oyxHJ58yTCrhDB\\_WkUqgnehYv5yxKXx\\_9cZkeAc8VsTCvss](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/01/Breytt-verklag-med-aukna-aherslu-a-born/?fbclid=IwAR0ndWbZ2q2oyxHJ58yTCrhDB_WkUqgnehYv5yxKXx_9cZkeAc8VsTCvss)

þann 1.3.2019

Umboðsmaður barna, „*Viðbætur við Barnasáttmálan*“ sótt af

<https://barn.is/barnasattmalinn/valfrjalsar-bokanir/> þann 1.3.2019

Umboðsmaður barna, „*Barnasáttmálinn á Íslandi*“ sótt af

<https://barn.is/barnasattmalinn/kynning-a-barnasattmalanum/> þann 10.05.2019

Umboðsmaður barna, „*Hlutverk umboðsmanns barna*“ Sótt af [https://barn.is/um-](https://barn.is/um-embattid/hlutverk-umbodsmanns-barna/)

[embattid/hlutverk-umbodsmanns-barna/](https://barn.is/um-embattid/hlutverk-umbodsmanns-barna/) þann 27.03.2019.

Umboðsmaður barna, „*Hvenær ráða börn sjálf?*“ Sótt af

<https://barn.is/frettir/2015/09/hvenaer-rada-boern-sjalf/> þann 10.05.2019.

Björgvin G. Sigurðsson, fréttir, „*Lögfesting Barnasáttmálans*“ Sótt af

<http://www.pressan.is/pressupennar/LesaBjorgvinGSigurdsson/logfesting-barnasattmalans/> þann 10.05.2019

Barnvaensveitarfelog.is, „*Hvað eru barnvæn sveitarfélög?* ” sótt af

<http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/hvad-eru-barnvaen-samfelog/> þann

27.04.2019.

Barnvaensveitarfelog.is, „Grunnþættir barnvænna sveitarfélaga ” sótt af <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/grunthaettir-barnvaenna-sveitarfelaga/> þann 27.04.2019.

## **Þingskjöl**

Alpt. 2001-2002, A-deild, þskj. 403 – 318 mál, greinargerð með frumvarpi til barnaverndarlaga.

Alpt. 1944, A-deild, þskj. 389 – 297 mál. frumvarp til stjórnskipunarlaga

## **Skýrslur**

Umboðsmaður barna, „Skýrsla umboðsmanns barna 2014”

<https://barn.is/media/359022/SUB-2014.pdf>

## **Lagaskrá**

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Barnalög nr. 76/2004

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lögræðislög nr. 71/1997

Lög um mannanöfn nr. 46/1996.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975

Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999

Lög um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Stjórnskipunarlög nr. 97/1995

Sjórnarsýslulög nr. 37/1993

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994

Ættleiðingarlög nr. 130/1999

### **Dómaskrá**

Hrd. 703/2017

Hrd. 632/2008

Hrd. 140/2008

